



Reykjavík, 24. maí 2019  
1905154/0.5.2.2/jjh

## Dreifibréf Embættis landlæknis Nr. 1/2019 Tilmæli sóttvarnalæknis

### Efni: Bólusetning við kikhósta á meðgöngu

Sóttvarnalæknir mælir nú með bólusetningu barnshafandi kvenna við kikhósta með samsettu bóluefni með barnaveiki- og stífkrampabóluefnum (Boostrix eða Boostrix-polio skv. nógildandi samningum). Bólusetningin skal vera konunum að kostnaðarlausu eins og influensubólusetning á meðgöngu. Þessi meðmæli **taka þegar gildi** og verður frétt þess efnis birt almenningi 27. maí nk.

Kikhósti er enn nokkuð algengur hér á landi þrátt fyrir ágæta þátttöku í almennum bólusetningum. Hann greinist hér að einhverju marki flest ár en það koma toppar á 2–5 ára fresti. Undanfarin 10 ár hafa börn undir 6 mánaða aldri greinst með kikhósta flest ár, rúmlega helmingur þeirra undir 3ja mánaða aldri þegar þau veiktust og þar af nokkur sem lágu alvarlega veik á sjúkrahúsi.

Síðasti skammtur af kikhóstabóluefni sem gefinn er í almennum bólusetningum hérlendis er við 14 ára aldur. Bóluefnið sem nú er notað, svokallað frumulaust bóluefni, veitir yfirleitt 5–10 ára vörn og því eru flestir fullorðnir einstaklingar hérlendis smitnæmir og geta borið sýkinguna til nýbura sem ekki hafa sjálfir verið bólusettir. Kikhóstasýking hjá eldri börnum og fullorðnum er yfirleitt á formi kvefs og fátt sem gefur til kynna að um hugsanlega hættulega sýkingu sé að ræða, þótt sumir fái hin dæmigerðu hóstaköst sem auðvelda greiningu. Mjög ung börn geta hins vegar fengið lífshættuleg öndunarstopp og mikil hóstaköst sem geta þreytt þau svo að þau þurfi öndunaraðstoð á gjörgæslu eða vökudeild. Ef móðir er bólusett á **öðrum eða þriðja þriðjungi meðgöngu** myndar hún verndandi mótefni sem fylgjan flytur til barnsins frá 32. viku meðgöngu. Mótefnin geta varið barn frá fæðingu fram til um 6 mánaða aldurs en þá hafa flest börn sem bólusett eru samkvæmt almennum bólusetningum á Íslandi myndað eigin vörn gegn kikhósta. Börn sem fæðast fyrir 32. viku meðgöngu hafa ekki gagn af bólusetningu móður nema að því marki sem dregur úr líkum á smiti til barns við bólusetningu móðurinnar. Aftur á móti hefur bólusetning barnshafandi konu verndandi áhrif á barnið þótt hún sé gefin allt niður í einni viku fyrir fæðingu barns. Bretar hafa notað kikhóstabólusetningu á meðgöngu frá 2012 með ágætum árangri, sem er hægt að kynna sér nánar í [yfirlitsgrein](#) um bólusetningar á meðgöngu og í heimildum sem greinin vísar til.

Mótefnaframleiðsla eftir kikhóstabólusetningu dettur fljótt niður og er því **ekki æskilegt að bólusetja mjög snemma á meðgöngunni**, en ef bólusetning hefur verið gerð snemma í meðgöngu, t.d. vegna ferðalags, er ekki tilefni til að bólusetja aftur á þeirri meðgöngu. Vegna skammlífs mótefnasvars er mælt með að bólusetja konu á **hverri einustu meðgöngu**, jafnvel þótt styttra en 2 ár geti þá liðið á milli skammta.

### **Fyrirkomulag sem mælt er með við kikhóstabólusetningar á meðgöngu:**

Ein sprauta Boostrix/Boostrix-polio í 28 vikna skoðun sem er sameiginleg öllum barnshafandi konum.

Ekki er mælt með að gefa bólusetninguna fyrir 18. viku meðgöngu.

Ef bólusetning er ekki gefin í 28 vikna skoðun er rétt að gefa hana sem fyrst.

Sá munur sem er á fyrirkomulagi hér og í Bretlandi er að sóttvarnalæknir tekur ekki þátt í kostnaði við kikhóstabólusetningar mæðra nýfæddra barna eða annarra fjölskyldumeðlima, sk. hjúpbólusetningu (e. cocooning).

Sóttvarnalæknir

Sent til:

Lækna og ljósmæðra heilsugæslunnar

Fæðingar- og kvensjúkdómalækna